



## 5. fundur stjórnar Aftureldingar 13. september 2010

Fundur settur kl. 17:15

Mætt: Jón Pálsson, Helga Jóhannesdóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason og Anna Sigríður Guðnadóttir. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn

Dagskrá:

- 1) Búningamál
- 2) Fundur með stjórnnum
- 3) Samskipti Eldingar og Aftureldingar

- 1) Aðilar innan meistaraflokksráðs handboltans hafa haft samband við framkvæmdastjóra og einstaka stjórnarmenn vegna tilboðs í félagsbúninga sem aðalstjórn hefur samþykkt að taka, sbr fundargerð 4. fundar þann 8. september. Farið var yfir málavöxtu, hvernig ákvörðun var tekin á formannafundi og gang mála hjá búninganefnd eftir það. Allir verkferlar reyndust í lagi og niðurstaða útboðsins stendur óhögguð. Aðalstjórn telur því enga ástæðu til að endurskoða ákvörðun sína um að ganga til samninga við fyrirtækið Safalinn.
- 2) Farið yfir dagskrá fundarins sem haldinn verður fimmtudag 16. september og verkefnum skipt milli stjórnarmanna.
- 3) Ákveðið að formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri fundi með stjórn knattspyrnudeildar og fari yfir samskipti Eldingar og Aftureldingar í þeim tilgangi að koma fjármálalegum tengslum stuðningsmannafélagsins og knattspyrnudeildar í réttan farveg.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn 21. september kl. 17:15

Fundi slitið kl. 18:30

Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar